

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglum um ferðakostnað sjúklinga innanlands nr. 70/1982, með síðari breytingum.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

#### Endurgreiðsla sjúkrasamlaga.

Sjúklingur skal framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferðin er farin endurgreiðir sjúkrasamlag fyrstu ferð að frádregnum 800 krónum en síðari ferðir að frádregnum 400 krónum. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með venjulegum áætlunarferðum á hverjum tíma. Ef ætla má, að raunverulegur ferðakostnaður sé lægri, skal miða við hann.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. júní 1984. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 631/1983.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. maí 1984.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

Nr. 263

11. maí 1984

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir verið ákveðið að afnema stöðvunarskyldu á Frakkastíg við Hverfisgötu. Biðskylda verður þar eftirleidis.

Auglýsing þessi tekur gildi 20. maí n. k.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 11. maí 1984.*

**Sigurjón Sigurðsson.**